

Nr. 21-079 S 049 Helgafell**Strandar við Bretland**

IMO.nr. 9306017
Fánaríki: Færeyjum
Smíðaður: Hamborg 2005, stál
Stærð: 8830 GT
Mesta lengd: 137,53 m
Breidd: 21,55 m Dýpt: 8,50 m
Vél: MAN 7 L 48/60 B, 8400 KW, 2005.
Fjöldi skipverja: 11



Helgafell©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júlí 2021 var Helgafell á siglingu frá Runavík í Færeyjum áleiðis til Rotterdam í Hollandi. Veður: Óþekkt.

Þegar skipið var stutt 26 sml NA af Mundesley í Bretlandi strandaði það kl. 06:15 á stað 53°08'09N og 001°54'25A. Eftir að búið var að dæla ballest til losnaði það sjálft kl. 11:50 og hélt áfram ferðinni til Rotterdam.

Ekki fengust upplýsingar um skemmdir á skipinu en ekki varð tjón á farmi og ekki urðu slys á fólki.

Fram kom hjá rekstraraðila skipsins (*Nav-Tech Hollandi*) að rannsókn á atvikinu yrði gerð af fánaríki skipsins.



Ferill skipsins inn á grunnsævi og strandstaður

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.